

Ed.

158. Nefndarálit

[6. mál]

um frv. til l. um lífeyrissjóð bænda.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefur nefndin rætt á mörgum fundum. Á tveim þeirra hefur hún notið aðstoðar Guðjóns Hansens tryggingafræðings við athugun á frv.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda hefur sent Alþingi ályktun sína um frv. og lagt á það áherzlu, að afgreiðslu þess verði hraðað svo, að lífeyrissjóðurinn geti tekið til starfa um næstu áramót.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendi umsögn um frv. og telur það vera í meginatriðum í samræmi við tillögur Búnaðarþings 1970 um þetta efni.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með breytingu, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. Að öðru leyti áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. — Páll Þorsteinsson var fjarstaddur, þegar frv. var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 17. nóv. 1970.

Steinþór Gestsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Karl Guðjónsson.
Ásgeir Bjarnason.	Jón Árnason.	Jónas G. Rafnar.